



1193. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. ágúst 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Anna Þóra Ísfold, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Áður en að áður boðuð fundardagskrá hófst óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna fyrir þeirri dagskrárbreytingu að inn væri skotið nýjum lið nr. 5 – „Skipan í ráð og nefndir“ vegna þess að Ólafur Reimar Gunnarsson hafi sagt sig frá öllu starfi félagsins sem nú þyrfti að bregðast við. Númeraröð dagskrárliða þar á eftir myndi þá breytast til samræmis.

Samþykkt.

Þá sagði Ragnar Þór frá því að í dag ætti Björn Kristjánsson afmæli og af því tilefni stóðu fundarmenna á fætur og sungu honum afmælissönginn.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1192. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1192. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði ekki mikið hafa gerst yfir hásumarið en nú sé verið að fara í gang aftur hjá ASÍ með vinnuna eftir fríin t.d. er snýr að fyrstu kaupa úrræðum og annað tengt húsnæðislánum, svo lífeyrissjóðsmálin ofl. sem við þurfum að tryggja að sé í samræmi við Lífskjarasamninginn.

Umræður.

Hjá okkur í VR er næsta stórverkefni að kynna félagsmönnum og vinnuveitendum útfærslur á styttingu vinnuviku eins og samið var um. Stefán tók til máls og sagði að þetta ætti að útfæra á hverjum vinnustað fyrir 1. desember nk og tekur svo gildi frá og með 1. janúar 2020. Við förum í mikla kynningarherferð þar sem markmiðið sé að allir viti að þeir eigi rétt til styttingar og að samtali eigi að eiga sér stað á vinnustað. Auglýsingar eru í vinnslu og upplýsingasíða á vefinn ofl. Þetta er flókið og mismunandi útfærslumöguleikar en mikilvægast er að allir eiga rétt á þessu sem starfa eftir kjarasamningi VR.



Fyrsta kynning verður svo á hefðbundnum fundi með trúnaðarmönnum „Komdu á trúno“ nú í september nk og fer svo herferðin í gang að því búnu.

Umræður.

3. Skipun VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ragnar Þór rifjaði upp málið og að ákvörðun um að afturkalla umboð stjórnarmanna hefði verið tekin 20. júní sl. en Fjármálaeftirlitið hefði ógilt þá ákvörðun. Í kjölfarið hefðum við stefnt Fjármálaeftirlitinu og Lífeyrissjóði verzlunarmanna vegna þeirrar ákvörðunar. Þeir vilja fá frestun og frávísun á málinu en tímamörk eru við 22. ágúst nk. og kemur þá ákvörðun í kjölfarið. Væntanlega fá þeir ekki aftur jafn langan frest en þó gæti málið tafist til septemberloka áður en niðurstaða fæst. Dómsmálið snýst einungis um þá ákvörðun FME að afturköllun á umboði stjórnarmanna nái ekki fram að ganga. Mjög mikilvægt er að það sé ljóst að við erum að beina málinu að FME og lífeyrissjóðnum en í raun ekki að fara í málarekstur gegn einstaka stjórnarmanni.

En við þurfum nú að taka ákvörðun um framhaldið enda enn nauðsynlegt að skipa fulltrúa VR í stjórn lífeyrissjóðsins til bráðabirgða þar til nýjar reglur um skipan stjórnarinnar taka gildi.

Telur Ragnar Þór að helst séu tveir möguleikar í stöðunni. Annars vegar að ítreka skipun bráðabirgðastjórnarinnar og bíða með að fara í valferlið þar til nýjar reglur hafa tekið gildi. Eða hins vegar að fara í valferlið strax og auglýsa nú um helgina eftir nýjum stjórnarmönnum og vonandi verði svo nýju reglurnar komnar í gildi þegar við höfum lokið því ferli.

Sennilega er mildilegast að halda okkar striki og fara í faglega ferlið eins og við ætluðum okkur hvort sem er. Ættum að geta klárað þetta á einum mánuði.

Umræður.

Að loknum umræðum lagði Ragnar Þór til að farin væri blanda af báðum ofangreindum leiðum sem hann hafði reifað. Þannig myndum við ítreka fyrri ákvörðun um afturköllun umboðs stjórnarmanna og einnig fyrri ákvörðun um bráðabirgðastjórnina en auglýsa strax um helgina eftir nýrri stjórn og förum svo í valferlið eins fljótt og hægt er. Smá breytingar er þó þörf því Guðríður Svana Bjarnadóttir hefur óskað eftir að draga sig út úr bráðabirgðastjórninni.

Bjarni Þór mætir hér til fundar kl. 18:25

Umræður.



Ragnar Þór stakk uppá því að Guðrún Johnsen kæmi inn í stað Guðríðar Svönu og bar hann nú upp þá tillögu að strax verði farið í formlegt auglýsinga- og umsóknarferli en samhliða því samþykktir eftirfarandi til setu í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir hönd VR til bráðabirgða:

Aðalmenn

Bjarni Þór Sigurðsson
Guðrún Johnsen
Helga Ingólfssdóttir
Stefán Sveinbjörnsson

Varamenn

Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Björn Kristjánsson
Selma Árnadóttir
Oddur Gunnar Jónsson

Tillagan var samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1, en Ingibjörg Ósk lét bóka mótatkvæði sitt með þeim orðum að hún væri ekki á móti þeim þætti að farið væri strax í formlegt valferli heldur því að skipa bráðabirgðastjórnina.

4. Kosning fulltrúa VR á LÍV þing í október 2019

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Minnisblað – kosning þingfulltrúa VR á LÍV þing í október 2019*“ dags. 9. ágúst 2019, og sagði að nú yrði ákveða hvaða leið yrði valin við kosningu okkar fulltrúa á komandi LÍV þing sem haldið er á Akureyri dagana 18. – 19. október nk.

Stefán tók til máls og sagði að um tvær leiðir væri að ræða, annars vegar með kosningu á félagsfundi með uppástungum eða þá hin flóknari leið með listakosningu og allsherjaratkvæðagreiðslu. Frá árinu 2015 hefur áherslan verið á að afgreiða þessar kosningar á félagsfundi og sé það í raun ekki bara einfaldara heldur einnig lýðræðislegri leið. Sannleikurinn er sá að oftar en ekki kostar það úthringingar og nokkra vinnu að fylla lista þannig að hægt er að segja að allir sem óska eftir að sitja þing ættu að geta fengið það.

Lagði Ragnar Þór til að kosið yrðu um fulltrúa VR á LÍV þing með uppástungum á opnum félagsfundi.

Samþykkt samhliða.

Undir þessum dagskrárlið afhenti Ragnar Þór Þorvarði Bergmann brúðkaupsgjöf frá félaginu í tilefni af nýlegri giftingu og var því fagnað með lófataki fundarmanna.

5. Skipun í ráð og nefndir

Ragnar Þór sagði að þar sem Ólafur Reimar Gunnarsson hafi sagt sig úr stjórn VR og öllu starfi á vegum félagsins þurfi að skipa í hans stað í nokkrar nefndir. Óskaði hann nú eftir að fundarmenn myndu stinga uppá nefndarmönnum í hinar ýmsu nefndir og var eftirfarandi samþykkt samhljóða eftir uppástungum:

a. Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR
Sigmundur Halldórsson aðalmaður

b. Starfsmenntanefnd VR
Sigmundur Halldórsson aðalmaður

c. Húsnæðisnefnd VR
Þorvarður Bergmann Kjartansson aðalmaður
Friðrik Boði Ólafsson sem varamaður

d. Styrkjanefnd VR
Björn Kristjánsson aðalmaður

6. Samstarf VR og Neytendasamtakanna vegna smálána

Ragnar Þór lagði fram skjölin „*Tillaga um aðgerðir gegn smálánum*“ dags. 14.08 2019 og „*NS og VR frétt vegna smálána*“. Sagði Ragnar Þór að blaðamaður Kjarnans hafi haft veður af þessum áformum og tekið við sig viðtal en aðdragandi þess er barátta Neytendasamtakanna (NS) í þessum málaflokki en þeir eru með mörg kvörtunarmál í gangi enda smálánafyrirtækin á fullu í innheimtu og rukka margfalda upphæð skuldar. Mörg mjög svæsin dæmi liggja fyrir.

Það sem vantar er að einhver gangi fram og taki slaginn og stoppi þetta athæfi á meðan að verið er að vinna í nýrri löggjöf sem getur tekið sinn tíma.

Ragnar Þór vill styðja NS og fara með þeim í þetta verkefni því það sé þjóðþrifamál. Hann veit líka til þess að fréttaskýringaþátturinn Kveikur á RÚV ætlar að fara að fjalla um málefnið. Kannski dugar bara yfirlýsing frá okkur og óvíst er að þetta þurfi að kosta mjög mikið.

Stefán fór nú yfir tillögu um þetta samstarf í framlögðu tillöguskjali þar sem kom fram að fjármunir þurfi að fylgja með í þessu verkefni en öll umsýsla yrði á höndum NS. Lagt er til að VR leggi til eina milljón krónur til launagreiðslna fyrir einn starfsmann NS í einn mánuð og allt að tvær milljónir króna í lögfræðikostnað hjá NS vegna þessa máls.



Ragnar Þór sagðist mundu einnig leita til Eflingar og ASÍ um enn frekari stuðning við málið. Fólk þarf að finna að það sé ekki gleymt.

Umræður.

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór fundarmönnum fyrir jákvæð viðbrögð í umræðum og bar hann upp þá tillögu að VR færi í samstarf við Neytendasamtökin í baráttu gegn smálánum og legði til allt að þremur milljónum króna til verksins en framkvæmd þess yrði öll á höndum Neytendasamtakanna.

Samþykkt með 14 atkvæðum en einn sat hjá en það var Sigríður Lovísa sem óskaði eftir því að það yrði bókað.

7. Skjalastefna VR

Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað um endurnýjun skjalastefnu VR*“ dags. 1. júlí 2019. Þar er lagt til að bætt sé við nýrri setningu um tilgang sem er svo hljóðandi: „Tilgangur skjalastefnu VR er að tryggja öryggi gagna, rekjanleika og áráðanleika“. Þá er lagt til að framkvæmdastjóri VR, fremur en formaður VR, beri ábyrgð á skjalastefnunni og reglulegri endurskoðun. Auk þess voru minniháttar orðalagsbreytingar.

Stefán sagði skjalasafn VR mjög gott og að auðvelt sé að finna þar gögn en þessar breyttu tillögur eru m.a. komnar sem viðbragð við nýjum lögum um persónuvernd.

Ragnar Þór bar nú upp til samþykktar þær breytingar sem kynntar voru.

Samþykkt samhljóða.

Ný skjalastefna VR er því þannig í heild sinni eftir breytingu:

Skjalastefna VR

Tilgangur

Tilgangur skjalastefnu VR er að tryggja öryggi gagna, rekjanleika og áráðanleika. VR myndar og varðveitir skjöl sem sýna fram á starfsemi félagsins og styður við það. VR ber ábyrgð á myndun og varðveislu skjala gagnvart hagsmunaaðilum í samræmi við lög og reglugerðir.

Markmið



- Stuðla að samhæfðu skipulagi á öllum skjölum VR, jafnt ritaðra sem í öðru formi.
- Samræma vinnubrögð til að tryggja einfaldleika ferla og endurheimt skjala.
- Mynda og varðveita skjöl er varpa sýn á starfsemi félagsins sem eykur yfirsýn, rekjanleika og áreiðanleika.
- Tryggja öryggi og heilleika skjala
- Uppfylla kröfur ytri og innri hagsmunaaðila.
- Stefnan lýsir áherslu VR á heilindi, aðgengi, nýtingu og örugga meðferð skjala/gagna/upplýsinga í eigu og/eða umsjá VR.

Umfang

Stefnan tekur til allra skjala sem tengjast eða geta tengst rekstri VR, óháð miðlum. Hún nær til allra starfsmanna.

Ytri kröfur (Umhverfi)

VR einsetur sér að uppfylla lagalegar kröfur sem gerðar eru til félagsins, væntingar félagsmanna um afgreiðslu mála og verndun persónuupplýsinga auk þess að uppfylla ISO 15489 staðal um skjala- og upplýsingastjórnun.

Ábyrgð og eftirfylgni – skjalastjórn er samvinnuverkefni allra

- Framkvæmdastjóri VR ber ábyrgð á skjalastefnunni og reglulegri endurskoðun hennar. Formaður tryggir skjalastjóra stuðning við framkvæmd skjalastefnu.
- Skjalastjóri ber ábyrgð á framkvæmd skjalastefnu VR. Hann ber ábyrgð á innleiðingu skjalastjórnunar og er ráðgefandi í skjalamálum VR.
- Forstöðumenn sviða skulu tryggja að myndun og varðveisla skjala sé hluti af starfseminni og í samræmi við samþykktar verklagsreglur VR.
- Forstöðumaður fjármála- og rekstrarsviðs tryggir öruggan rekstur upplýsingakerfa auk öryggi rafrænna gagna. Hann sér um uppsetningu notenda og uppsetningu aðgangshópa í skjalakerfi VR
- Allir starfsmenn VR skulu mynda, móttaka og varðveita skjöl skamkvæmt samþykktum verklagsreglum.

Samþykkt 20. júní 2013 , breytingar samþykktar á stjórnarfundum VR nr. 1193 14. ágúst 2019.

Fundi er slitið kl. 20:20
Árni Leósson, fundarritari